



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 57. TBL. 12. ÁRG. OKTÓBER 1989

Draumvitundin er annars manns meðvitund.

Helgi Pjeturss

Ingvar Agnarsson:

Hringpokan fagra í Hörpumerki

(Sjá forsíðumynd)

Hringpokan fagra (M-57) í Hörpumerki er eitt þeirra fyrirbæra himingeimsins sem lengi hefur vakið mikla athygli vísindamanna. Hún er í um 1500 ljósára fjarlægð og þenst út til allra átta með miklum hraða. Í miðju þessarar þoku er lítil bláleit stjarna, ofsahait. Hún er af þeirri gerð, sem tífstjörnur kallast, vegna þess að þær senda frá sér snögg ljósblik með stuttu millibili, í þessu tilviki 30 sinnum á sekúndu hverri. Álitið er að hún snúist um öxul sinn með ofsahraða, og sjáist einn ljósglampi við hvern snúning. Þéttleiki eða eðlisþyngd tífstjarna er talinn með ólíkindum, og sé efni þeirra mjög margfaldlega samanþjappað í samanburði við allt annað sem þekkt er (t.d. í dvergstirnum.)

Álitið er að í einhverri fortíð hafi þarna verið um jötunsól að ræða, sem varpað hafi af sér ystu efnislögum í stórsprengingu (supernova). Þangað sé að rekja geimskýið kúlulaga, sem síðan þenst út með miklum hraða. Ragnarök slík munu oft hafa átt sér stað í vetrarbraut okkar, og sér þess víða merki í hringpokum þeim, sem eru sama eðlis og sú sem hér er minnst á.

Listamaður sá, er gert hefur meðfylgjandi mynd, hugsar sér útsýni frá einhverri óbyggðri jarðstjörnu, sem fyrirfinnast í nágrenni þessarar hringpoku.

Ingvar Agnarsson, 23. 09. 1989.

(Cosmos eftir Carl Sagan) (bls. 194)

Þorsteinn Guðjónsson:

Tokkarískan og Norrænt mannkyn

I.

Frá því var skýrt í dagblaði nýlega, ég held Tímanum, að meðal þess fjölda tímarita, sem gefinn er út á Íslandi, er eitt sem fjallar um rannsóknir á tungumálinu tokkarísku. Ungur íslenskur málfræðingur gefur þetta rit út og skrifar í það ásamt öðrum fræðimönnum á þessu sviði. Blaðamaðurinn spurði málfræðinginn, hvort þetta hefði þýðingu, og kvað hann svo vera, og reyndi blaðamaðurinn samviskusamlega að koma því til skila. En sennilega hefði hann átt erfiðara með að fá lesendur til að meðtaka, að þetta með tokkarískuna, sem mun hafa dáið út í Mið-Asíu fyrir nærri þúsund árum, og er aðeins varðveitt í nokkrum fornum handritum, eigi eitthvað skylt við félagið Norrænt mannkyn og viðfangsefni þess. En svo er þó í raun og veru, því **Tokkarar** voru Indóevrópumenn eða Aríar, búsettir í Mið-Asíu, og voru ein greinin á hinum mikla meiði indóevrópskra þjóða.

Frásagnir í fornum kínverskum ritum eru til vitnis um það, að ritararnir féllu hreinlega í starfi yfir líkamsfegurð þessara þjóðstofna, sem um Kristburð og síðar voru enn í fullu fjöri í Turkestan og á þeim slóðum, og ætti þá slík þjóð að hafa skilið eftir sig tokkarískuna, sem svo er nefnd. En vera má að á þeim tíma, þegar ritin voru skráð, sem til vitnis eru, hafi þeir verið farnir að blandast og missa lífsviljann. Það eru mest búddhatrúar-helgirir, sem geymst hafa. En búddhatrú tóku menn víða, ef ég hef rétt skilið, þegar þeim hafði ofboðið svo grimmd og ókjör þessa heims að þeir urðu að leita sér huggunar í hörmum, á líkan hátt og þeir hafa haft kristindóm sér til huggunar hér á Vesturlöndum.

Þjóðirnar hurfu og týndust hver af annarri, bæði þær, sem heima sátu og hinar, sem fóru að leggja undir sig Indía-

lönd og Persalönd og fleiri lönd þar austurfrá og víðar. Að vísu er enn ógrynni af erfðastofnum frá Ariunum til í þessum löndum, meðal fólks sem reyndar er nokkuð dökkt flest, en þó með ýmsa andlitsdrætti og aðra drætti ekki óskylda. En þetta er allt svo blandað orðið, að ekki er hægt að tala um arískar þjóðir þar, að svo komnu máli. En þó að ég vilji ekki gerast langorður og margorður hér, má ég til með að minnast á þann mann, sem öðrum fremur á skilið að heita „maðurinn sem uppgvötaði Ariana”. Sá maður var Engendingur, hét **Thomas Young**, réð gátu Rosetta-steinsins í Egyptalandi; skildi og skýrði aðlögun augans eftir fjarlægð þess, sem á er horft; skýrði eðli orkunnar betur en áður hafði gert verið; setti fram kenninguna um öldueðli ljóssins; var sífrjór og skapandi alla sína vísindamannsævi, og hefur tiltölulega lítið verið með hann látið í hlutfalli við verðleika.

Thomas Young, sem var að læknir að mennt, fylgdist með hinni vaxandi þekkingu á skyldleika og óskyldleika tungumála, þar sem **Rasmus Rask** var einn aðalbrautryðjandinn, og komu þó Þjóðverjar (**Bopp og Grimm**) og aðrir einnig við þá sögu — en þessar rannsóknir höfðu þá þegar leitt í ljós, að einhverntíma í fyrndinni, sem síðar reyndist vera fyrir um 4500 til 5000 árum, hafði verið til sameiginlegt frumtungumál, sem indverskar, persneskar, grískar, slavneskar, rómanskar, keltneskar og síðast en ekki síst germanskar tungur höfðu síðan þróast af. En þó að þetta væri vitað, vantaði enn að botninn væri sleginn í tunnuna, nefnilega að menn létu sér ekki nægja að stunda hinar málfræðilegu rannsóknir, heldur næðu að gera sér heildarmynd, heimspeki, úr þeim efniviði sem dreginn hafði verið saman. Þetta framtak, þessa hugdirfsku, þetta víðsæi átti Thomas Young. Það var hann sem fyrstur fór að tala um **Indó-evrópumenn**, þjóðina sem talað hafði tunguna, en ekki aðeins um tunguna sjálfa, eins og menn höfðu áður gert. Frá honum er runnin sú mikla hugsun, að flestar þjóðir Evrópu og margar í Asíu eigi ættarrætur sínar að rekja til mikillar frumþjóðar, sem forðum byggði löndin allt frá Norðursjó til Kína, en greindist síðan í margar dótturþjóðir, sem steypu



Riddararnir fjórir. Hin fræga tréskurðarmynd Albrechts Dürers frá 1498, sýnir riddarana fjóra, tákn dauða og drepsóttu.

sér yfir löndin í suðri, byggðu þau sér til handa og stofnuðu þar um tíma til hærri og betri menningar en þar var áður.

II.

Það er nógu skrítið til þess að hugsa, að löngu eftir að þessar austurindógermönsku þjóðir voru flestar útdaugar, eða svo blandaðar, að nær óþekktanlegar voru orðnar, skyldi menning enn komast á það stig í Evrópu, að mönnum auðnaðist að **uppgötva að nýju** þessar fornu forfeður sína, fyrst út frá málfræðilegum rökum, en síðan einnig frá sögulegum, fornleifafraeðilegum og loks líffraeðilegum rökum (mannfraeði). Það má ekki heldur gleymast, að þessi uppgötvun um sameiginlega móðurþjóð og tungu hennar, var aðeins einn þáttur í hinni almennu vísinda- og þekkingarframsókn, sem varð á nítjándu öldinni í Evrópu og víðar. Það má með nokkrum rétti líta á 19. öldina sem endurreisnaröld Arianna, enda tóku menn undir lok þeirrar aldar upp nafnið Ariar, eftir elstu indverskum og persneskum heimildum, sem sýna, að það nafn hefur þá verið notað um hina elstu forfeður þeirra þjóða.

Nú á dögum þykir hyggilegra að nota orðið Indóevrópumenn um þessa fornu forfeður, heldur en Ariar, en vitanlega er það sama þjóðin, sem átt er við, og má vel segja Indóevrópumenn til þess að heiðra með því nafn Thomasar Youngs.

En þó að hvorttveggja væri komið fram, að töluð hefði verið indóevrópsk tunga, og til hefði verið indóevrópsk móðurþjóð, þá var eftir að vita hvernig sú þjóð hefði verið í hátt. Þar fundu menn fyrstu ábendingar í fornum heimildum, eins og þessum kínversku, sem ég minntist á, og smám saman bættust aðrar við, og það fór að verða ljóst, að hávaxið, fagurskapað fólk, með gullna lokka og reglulega andlitsdrætti hafði forðum byggt löndin allt frá Norðursjó austur til Turkestan, og að frá þessu fólkí voru síðan runnar þjóðirnar, sem settust í löndin fyrir sunnan og komu menningunni áleiðis. **Alexander von Humboldt** kallaði það, að

Þjóðir með slíku útliti skyldu hafa verið til allt þarna austur frá, eina þýðingarmestu uppgötvun 19. aldarinnar, en annars var það Frakkinn **Arthur Gobineau**, sem gleggst skildi þetta samband kynstofns og menningar og setti skoðun sína á því fram í ritinu: „Um misjafnt gildi kynstofna” (1853). Gobineau var að vísu kaþólskur mjög og þessvegna ekki alveg nógu frjáls í hugsun hvað vísindi varðaði, en stórgáfaður maður var hann, og var honum fullkomlega ljóst, að Frum-Indóevrópumenn höfðu haft samskonar útlit á sínum tíma, og Norðurlandabúar einkum höfðu á hans dögum. Gobineau taldi, að auk hinnar fornpersnesku, fornindversku, grísku og rómversku menningar, sem enginn getur véfengt að voru af indóevrópskum uppruna, hafi frumkvöðlar kínverskrar og egypskrar fornmenningar, einnig verið það, og jafnvel hinir fyrstu Mesópótamíumenn, sem annars eru oftast taldir Semítar. En hvað, sem sannast er í því efni, er kjarni málsins að skilja, eins og Gobineau gerði að ekki aðeins mál og menning sameinaði hinar indóevrópsku þjóðir heldur einnig líkamseinkenni og erfðaeiginleikar. Að halda því fram, eins og dæmi eru til að gert hafi verið að ekkert sé vitað um útlit Frum-Indóevrópumanna, er ekki annað en að berja höfðinu við steininn, í þágu ákveðinna hugmyndakerfa.

Í bókinni um misjafnt gildi kynþátta gerði Gobineau það ljóst, aðallega með sagnfræðilegum og málfræðilegum rökum, hvernig upphaf menningar-samfélaga hafði verið, og hvernig þau á vaxtarskeiði sínu höfðu jafnan mest notið að þessarar manntegundar, sem að norðan kom. En það, sem hann kann að hafa á vantað í líffræði, bætti **Ernst Haeckel**, þýskur brautryðjandi Darwinskenningar upp, og þannig var undir lok 19. aldar skapaður glöggur skilningur á sambandinu í þessum málum, og breiddist hann smámsaman út með vaxandi menntun. Það voru því allar horfur á, að sá skilningur myndi geta sótt í sig aflið og orðið almennur með öllum hvítum þjóðum — niðjum Indóevrópumanna — ef ekki hefði komið annað til. En þetta annað var að sjálf-sögðu hinar tvær stórstyrjaldir, sem allt drápu, limlestu og

eyðilögðu, og ekki hvað síst hina efnilegustu mannslík-
ami — og spilltu hugarfari þeirra, sem eftir lifðu.

III.

Varla er annað hægt að segja en að síðustu 30-40 árin hafi verið tími mikillar menningarlegrar afturfarar. Að vísu hafa orðið furðulegar framfarir í efnahags- og tæknimálum, læknisfræði og allskonar skólamenntun, og sérgreinar hafa blómstrað ótrúlega. En samhengið í menntun manna er orðið miklu minna en áður var, og menn eru nú blindir orðnir á margt sem áður lá opið fyrir. Skáldskapur og bókmenntir er orðið að hörmulegum vansmíðum, sem engin orð ná yfir, og í Bretlandi hefur nýlega verið sagt, að þekking ungs fólks sé orðin 80 sinnum minni en í Japan. Jafnvel þó að talan væri ýkt, hygg ég að ein aðalástæðan fyrir þessu sé sú, að í stað tónlistar og bókmennta og leikja, sem áður veittu mönnum uppeldi, eru nú allskonar annarleg hljóðlátin glymja mönnum í eyru, og umfram allt þetta, að menn eru nokkurn veginn réttlausir á menningarsviðinu, ef þeir aðhyllast ekki allt annað heldur en það, sem er upprunalegt og þjóðlegt hjá þeim sjálfum. Hér á landi er svo komið að óþjóðlegt rusl fyllir alla skóla, sumir málfræðingar predika að málið eigi bara að veltast og vambaldast áfram eins og tunna sem veltur undan eigin þunga, en málvöndun sé óalandi og óferjandi. Afleiðingar þessarar stefnu, auk fjölmiðlafíkninnar, eru nú að koma í ljós. Á fáeinum árum er að koma upp hér kynslóð, sem er að verða gersamlega ótalandi á íslensku, og smám saman láta jafnvel eldri kynslóðirnar undan þeim „málsmekk“ sem þarna er að koma í staðinn fyrir þá tungu sem dýrmætust var. Það sagði Helgi Pjeturss fyrir, að þegar á þetta stig yrði komið, mundi óhjákvæmilega fylgja á eftir endalok þjóðarinnar og hrun mannfélagsins.

Í þessum sporum stöndum við nú, feitir, áhyggjulausir, virtir og vel settir, efnaðir Íslendingar. Ég er ekki að lasta neitt af þessum gæðum. Ég held einmitt að þetta, sem nú var

síðast talið, sé gott og eigi að vera. En það gæti fokið út í veður og vind, ef við gleymum því hverjir við erum.

Engir eru betri Indóevrópumenn en við, eða gætu verið. Mál okkar er í eðli sínu skylt latínu, forngrísku, persnesku og sanskrít, hinum göfugu fornálum mestu menningarþjóða. Íslenskan er eina talaða málið, sem enn kemst nærri þessum fornu málum um skipun, skýrleik og ósvikið listfengi í allri gerð og framsetningu. Hugsunin er á íslensku ljósari en á öðrum málum, eins og málfræðingurinn mikli, Rask, tók þegar eftir. Kynstofn okkar hefur framundir þetta verið að langmestu leyti norrænn eða indóevrópskur stofn. Við höfum byggt upp þjóðríki á fáum áratugum og er allt það starf til fyrirmyndar eins og það er. En þó hefur eitt vantað tilfinnanlega, og það er þjóðlegt sjálfstraust, og á hverju hin minnsta og friðsamasta þjóð gæti byggt það. Ég á auðvitað við að hér hafi komið upp betri heimspeki en annarsstaðar, og þó að ég ætli ekki að fara mikið út í það mál hér, þá vil ég vísa til þess að sú heimspeki gefur öllu öðru fremur möguleika til sóknar út frá Íslandi en sókn hefur löngum verið talin besta vörnin, gegn því að þurfa sífellt að taka við hverju sem að er rétt.

Þorsteinn Guðjónsson

TIL LESENDA:

Sem fyrr, er það eindregin ósk okkar, sem að riti þessu stöndum, að lesendur sendi til birtingar eitt og annað efni, sem þeim er hugleikið, og stutt gæti að eflingu þess málefnis sem hér er um að ræða og eflt skilning á sambandseðli lífsins. Frásagnir um drauma og „dulræn“ fyrirbæri væru meðal þess efnis.

*F.h. Félags Nýalssinna og ritstjórnar Lífgeisla.
Ingvar Agnarsson.*

Páll H. Árnason, Vestmannaeyjum:

Sigurrós og huldukonan í steininum

Ég var að lesa bók Sigurrósar Jóhannsdóttur og sá þar m.a. drepð á tvö atriði er snerta helstu deilumál okkar, Sálfarir og Huldufólk. Á bls. 42 stendur m.a.: Mér finnst Helgi segja við mig: „Þið þurfið að gera ykkur grein fyrir því að **Sálfarir eiga sér stað**. Með betri athugun og meiri skilningi munu ykkur opnast auknir möguleikar á miklu fullkomnara sambandi við vini ykkar á öðrum stjörnum, sem eru lengra komnir en þið.” — Á bls. 98 segir Sigurrós frá sinni fyrstu sálför, er hún fór 9 ára með huldukonu, er virtist eiga heima í steini skammt frá bænum, og læknaði hjá henni tvö ung börn og kvígu með doða.

Það er eftirtektarvert við framanskráða orðsendingu Helga, að Sigurrós veitir henni viðtöku í bústað hans, í öðru sólhverfi. Hann sótti hana glaðvakandi í rúmið um morguninn og skropp þetta með hana í sálför. - Hve létt henni er um sálfarir, lýsir hún einfaldlega svo. „Ég er allt í einu komin yfir á annað vitundarsvið.” Bls. 47.

Páll H. Árnason er frá Geitaskarði, Austur-Húnavatnssýslu.

II. UMSÖGN

Hinn gamli, góði vinur okkar Páll H. Árnason, lætur sér annt um að við Nýalssinnar gerum okkur grein fyrir því að „sálfarir eiga sér stað”. Gagnvart mér sem þessar línur rita, þarf ekki að árétta þetta. Ég veit af eigin reynslu, og vildi ekki vera án þess að hafa reynt slíkt, að „sálfarir eiga sér

stað". En mér er líka fullkomlega ljóst, að „sálfarir" eru ekki það sem andatrúarmenn halda að þær séu, heldur eru þær, venjulegast, skýrt og öflugt samband við draumgjafa, oft þannig að sá draumgjafi veit af sambandinu.

Um Sigurrósu, en minningu hennar virði ég mjög mikils, eins og fleiri Nýalssinnar, er það að segja, að sambandsreynslu hafði hún á háu stigi, og því samfara lækningamátt. Það á vel við, að ég endurtaki hér sögu af henni sem ég hef áður sagt. Sambandsfundur á Álfrósvogi 121 hafði tekist með ágætum. Margt fólk var þar og flestir virtust hafa notið fundarins vel. Ég þóttist sjá að fyrir Sigurrósu hefði borið eitthvað óvenjulegt og settist hjá henni. Hún var sem frá sér numin.

„Sérðu ekki geislana Þorsteinn minn?" segir hún „þeir eru um allan salinn."

Ég svaraði og sagðist ekki vera kominn svo langt.

„Nú eru þeir á veggnum hérna á móti" segir hún.

Gætilega rétti ég út höndina þannig, að hún yrði fyrir augum Sigurrósar, og spurði hvort hún sæi þá enn. „Nú eru þeir á lófanum á þér" sagði hún hálf-undrandi. En þetta var einmitt það sem ég bjóst við.

Af þessari athugun ætti skynsamur maður að geta dregið ákveðna ályktun:

Geisladýrðin var nefnilega ekki þarna í salnum, heldur var það sýngjafi Sigurrósar á öðrum hnetti sem sá þessa birtu og skynjaði. Þannig er líka um flesta sálfarareynslu. Hún er „gegnum millilið" en ekki sjálfstæð för þess sem í hlut á.

Ekki vil ég fortaka, að maður geti myndað eins og líki af sjálfum sér, eftirmynd, sem er þó hluti af honum sjálfum, og séð, heyrt og skynjað frá þeim stað, sem eftirmyndin er. Helgi Pjeturss taldi að á þennan hátt gæti, þegar vel til hagaði, maður hér á jörð, sem er í svefni, eignast hlutdeild í hinu æðra lífi á öðrum hnetti. Þetta er framundan, að slíkt megi verða, en ég efa, að slíkt sé mjög algengt nú.

Þorsteinn Guðjónsson

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

Hvað um útburðinn verður

Tvennt er það, sem afvinnst við aflífun fósturs og útburð nýfædds barns: Það er þroskunin, sem veitist við að ala það og annast og svo hitt, að útburður verður aldrei þegn í því þjóðfélagi, sem leyfði tortímingu hans. Þetta er nokkuð, sem allir ættu að geta verið sammála um, og liggur hér því fyrir að hugleiða það, sem um er deilt.

Ljóst ætti það að liggja fyrir, að allir eiginleikar afkvæmis séu þegar í byrjun komnir því frá foreldrum þess og ætt, og að líta beri á það sem viðleitni til að komast fram hjá sannleikanum að reyna að halda því fram, að vísir til vitundar og sálarlífs fóstursins sé ekki fyrir hendi þegar í byrjun. Drög til þess alls, sem verða má og verða á, eru þegar fyrir hendi um leið og hinar tvær kynfrumur hafa sameinast og einstaklingslíf hins nýja fjölfrumungs hefir kviknað. Verður því þannig ekki neitað með réttu, að á fósturtortímingu nútímans og útburði nýfæddra barna áður fyrr sé aðeins stígsmunur. Hafi nýfætt barn svo sem vaxinn maður öðlast ódauðleik, þá hlýtur fóstrið einnig að hafa öðlast hann við kviknun sína, og skal hér nú sagt frá dæmi, sem mér virðist styðja slíkt.

Til er bók, sem í íslenskri þýðingu heitir „Sigurför á Svaðilfara,” og kom hún hér út fyrir nokkrum árum. Segir þar á einum stað frá viðskiptum bókarhöfundar og töframans nokkurs suður í Afríku, og er frásagan á þessa leið:

„Töframaðurinn benti okkur að setjast á grasmottu, og þegar hann hafði sest með krosslagða fætur andspænis okkur, hvessti hann á okkur sjónirnar og horfði lengi á mig.

„Ég fæ magaverk af þér“, sagði hann fyrst, og lá við að

ég skellti upp úr um leið, því að hann sagði mér ekki annað en það, sem ég vissi sjálfur, því að ég var með verk í maganum. Hafði ég fengið hann af því að troða í mig of miklu af jarðhnetum á leiðinni þangað, sem við vorum komin, og hafði sá verkur síðan fullkomnast við hristinginn í vörubílnum, sem hafði borið okkur þangað. En ég hafði borið þennan harm minn í hljóði og engan látið vita, að mér væri illt í maganum.”

Á eftir þessu, sem ég endursegi hér með nokkru færri orðum en í bókinni standa, segir svo frá því, að töframaðurinn læknaði magaverk bókarhöfundar, að hann sagði unnustu hans frá því, sem hvorugt þeirra vissi, að hún gengi með barn, og svo að lokum, að hann spáði þeim einhverju því, sem síðar rættist bókstaflega.

En hvað er það nú, sem hér hefir verið um að ræða?

Mér sýnist það liggja hér mjög ljóst og einfaldlega fyrir, að hér sé um staðfestingu þess að ræða, að skynjan eins geti, þegar sérstaklega stendur á, einnig verið skynjan annars eða annarra, eins og þarna reyndist um magaverk bókarhöfundar. Skynjanaflutningur milli manna hefir þarna átt sér stað, og mætti það verða þeim til íhugunar, sem ekki hafa getað fallist á slíkt. Og eins og spá töframansins sannar, þá hefir þarna ekki einungis verið um að ræða samskynjan milli viðstaddra, heldur einnig við einhverja betur vitandi en þá, sem þarna voru staddir. Það eru aðeins tvær leiðir hugsanlegar til þess að öðlast vitneskju. Önnur er sú að afla sér hennar sjálfur af eigin rammleik. Hin leiðin er sú, að þiggja hana af öðrum, en það hefir töframaðurinn hlotið að gera, þegar hann sagði það fyrir, sem átti eftir að gerast. Til þess varð hann meira að segja að njóta einhvers annars að, sem var meira en mannlega vitandi. En varðandi það, sem hér að framan var til umræðu, þykir mér eftirtektafverðast, að töframaðurinn skyldi hafa fengið vitneskju um hið nýkviknaða fóstur, sem hinir tilvonandi foreldrar vissu ekki af, og þykir mér því líklegast, að hann hafi fengið það þaðan, sem sjálft lífið stafar frá. Mér þykir sem vitneskjan um það hafi hlotið að stafa honum þaðan, sem

hið nýkviknaða einstaklingslíf hafði með einhverjum hætti verið skráð á þann hátt, að hvað sem á daga þess drifi, geti það aldrei þurrkast út.

Ingvar Agnarsson:

Jarðlífið — undanfari framlífs

Líf er ekki ætíð eftirsóknarvert, því stundum er verra að lifa en deyja. - „Líf er ekki líf til fulls, fyrr en það er sama sem farsæld“ (H.P.).

Sá sem veldur öðrum mönnum ófarsæld, vitandi vits, með einhverjum hætti er allra aumastur, jafnvel þótt hann sýnist lifa í vellystingum og hreyki sér hátt, því uppgjör bíður allra þá héðan er flutt. - Enginn skyldi hreykjast, því veraldargengi er valt og til þess lánað mönnum að þeir láti aðra njóta gæðanna með sér.

Hið mikla uppgjör bíður allra að loknu jarðlífi og við tekur framlíf á annarri stjörnu. Þá verður ekki spurt um skammvinnan stundarhag, heldur um það, hvernig lífinu hafi verið varið í þágu lífsins. - Því hver og einn skapar sér eigin framtíð.

Sá, sem sýnt hefur lífinu lotning og leitast við að vernda það og styðja, hann á vísa vist meðal lengra kominna samherja á lífsstjörnu þeirri, sem hann hefur búið sér búsetu á, með breytni sinni gagnvart lífinu, í stuttri jarðvist.

559 D.V. 02. 12. 1988



Á stjörnum geimsins blómstrar lífið, bæði sem frumlíf og framlíf.

Ingvar Agnarsson:

Eitt af steintröllunum á Páskaeyju

Löngu er kunnugt um steintröllin miklu á Páskaeyju í Kyrrahafi, sem uppruna sinn eiga á forsögulegum tíma. Enginn veit með hvaða hætti hinir fornu eyjarskeggjar hafa flutt þessi miklu steinbákn um langan veg yfir torfarið land og komið þeim á stall, auk þess sem á höfuð þeirra margra eða flestra munu upphaflega hafa verið settir einskonar hattar úr stórum björgum. Engar munu þeir hafa haft vélar, sem nútímamönnum eru tiltækar.

Það hefur því enn ekki tekist að skýra hvernig þeir fóru að þessu, og mismunandi tilgátur komið fram. Enginn veit heldur um tilganginn með þessum framkvæmdum hinna fornu manna.


Ekki væri það ýkja fjarri skilningi okkar, sem hugum að eðli fjarhrifasambanda og alheims lífgeislunaráhrifa, að gera hér helst ráð fyrir flutningi með samtaka hugarafli margra manna, sem stutt væri aðsendri orku frá lengra komnum stjarnbúum annarra sólhverfa. Slíkir hugarorkuflutningar eru reyndar ekki óþekktir með öllu á jörðu okkar, samanber þegar Sefsurð var rudd af mönnum Ólafs konungs helga. Og nýlegar sagnir og vottfestar frá Tíbet herma, að stórir steinar hafi verið látnir svífa í lofti upp eftir fjallshlíð, þar sem verið var að reisa musterisveggi. Hér var það samstillt hugarafll margra manna, sem réði úrslitum um þá framkvæmd þótt utanaðsent afl hafi þar einnig hlotið að vera með í verki.

Myndin (á bls. 53) sýnir eitt af steintröllunum miklu á Páskaeyju. Neðri hluti þess hafði um aldir verið kafinn í sand, en hér má sjá, er hluti hans hafði verið fjarlægður að nokkru. Með því að bera saman stærð mannsins sem niðri í gryfjunni stendur, má fá nokkra hugmynd um feiknastærð þessarar miklu styttnu.

Aku-Aku eftir Thor Heyerdahl, 1957 (bls. 97).



Lífgeislunarmyndir




The Outer Space Connection, bls. 92.

Lífgeislun manns í hugarjafnvægi


Kirlian ljósmyndataekni hefur leitt í ljós þann sannleika, sem löngum var þekktur af sjáendum, að lifandi efni sendir frá sér geislun.

Myndin sýnir útgeislun frá fingurgómi manns, sem þá stundina er í andlegu jafnvægi og án geðshræringa.

I. A.



The Outer Space Connection, bls. 93. (efri myndin.)



The Outer Space Connection bls. 93. (neðri mynd.)

Sjúkleg útgeislun

Mjög er það áberandi á Kirlian ljósmyndum, að sé sá, sem mynd er tekin af, í einhverju annarlegu ástandi, þá breytist útlit, lögun og litir geislunarinnar í samræmi við það.

Myndin t.v. sýnir geislun frá tveim fingurgómum manns, sem þá stundina er undir áhrifum eiturfjafa.

I. A.

Lífgeislun frá afskornum blaðhluta

Útgeislun frá laufblöðum kemur vel í ljós á Kirlian ljósmyndum. Og merkilegt fyrirbæri er það, að sé hluti laufblaðs skorinn í burtu, rétt fyrir myndatöku, þá kemur samt stundum í ljós mynd af hinum brottnumnda hluta, en þá að vísu að einhverju leyti aflagaður frá því sem vera ætti við óbreyttar aðstæður. (Sjá mynd t.h.).

I. A.

Þorsteinn Guðjónsson:

Halldór Pjetursson — Minningarorð.

Halldór Pjetursson rithöfundur, lést í hjúkrunarheimilinu í Sunnuhlíð, Kópavogi 6. júní sl. á 92. aldursári.

Kynni mín af honum voru öll bundin samstarfi okkar að Nýalsmálum, eftir að hann og Svava, kona hans, komu þar til liðs, en það mun hafa verið um 1978. En koma hans í félagið átti sér þann aðdraganda, að hann og Ingvar Agnarsson, kunnugur honum frá dvöl hans í Árneshreppi fyrir stríð, tóku tal saman um sambandsmál, og vaknaði hugur Halldórs þar undireins við. Gerðist hann kaupandi að Lífgeislum og síðan kom annað á eftir. Það sagði hann mér síðar, að einhverntíma fyrr á árum hefði hann lesið Nýal, þá þegar sér til ánægju, að því er mér skildist, en þó án þess að það rumskaði verulega við honum. En nú var eins og allt yrði nýtt, og gerðust þau Svava félagar Nýalssinna, og hafa stutt starf félagsins með ráðum og dáð alla tíð síðan, á margvíslegan hátt.

Um æviferil Halldórs, áður en að Nýalsþætti kemur, veit ég það helst, að hann er ættaður úr Múlasýslu, og að miðilhæfileikar gerðu fljótt vart við sig hjá honum og systur hans. Í samband við þá gáfu mætti e.t.v. setja hina ágætu kunnáttu hans í íslensku og þekkingu hans á Íslendingasögum og öðrum fornsögum, enda var hann svo „vel heima“ í þeim sögum, að þar varð ekki mörgum til jafnað. Mikil hugarbót fannst mér að hitta slíkan mann, og skýring hans á orðunum í 134. kap. Njálu um ferð Flosa „fyrir neðan Lagarfljót“ virtist mér vel rökstudd (þó ég þekki ekki til þarna), og jafnframt til styrkingar því, að höfundur Njálu hafi verið gagnkunnugur á þeim slóðum.

Halldór var ritfær maður, mál hans eðlilegt, hispurslaust og þróttmikið, en umfram allt skemmtilegt, eins og hann líka var í samtali sjálfur. Frásagnir hans af fyrirburðum,

draumum og „dulvísi“ voru glöggar og greinilegar og báru á sér mark sannsöglinnar - en einnig eitthvað af blæ skáldskaparins. Efni af þessu tagi setti hann áður undir titil þjóðsagna, en í síðustu bókunum lét hann það vel koma fram, að skýring doktors Helga ætti þarna við; og ófáar frásagnir hans birtust líka í Lífgeislum af fyrri flokknum. - Sérstaklega vil ég geta eins, sem mér þótti merkilegt um hugarfar Halldórs eftir að hann tók alvarlega að leggja sig eftir Nýal. Ég varð aldrei þess var, að trú guðspekinnar á endurburð stæði honum í vegi fyrir skilningi. Þetta er því athyglisverðara sem hann hafði á yngri árum orðið fyrir miklum áhrifum af Guðmundi W. Kristjánssyni úrsmið, en hann var allur í Búddhatrú og austrænum fræðum. Guðmund þekkti ég vel sem barn og unglingur því að hann var heimangangur hjá foreldrum mínum.

Halldór var „pólítískur“ um langt skeið, tók virkan þátt í verkalýðsbaráttu á kreppuárunum, og mun af þeim sökum hafa orðið að leita sér atvinnu utan Reykjavíkur, og kom þá niður í Árneshreppi á Ströndum. „Við Strandamenn líkaði mér vel“, sagði hann. Og þar tókst kunningssskapur með honum og Ingvari frá Hrauni, ungum manni í þeirri sveit, en það leiddi löngu síðar til þess, sem verða átti, að Halldór náði þeirri sjón til sólstjarna, sem alla heima opnar um síðir.

Vel sé Halldóri í hinum nýju heimkynnum hans, meðal vina og kunningja, og framfara-fólks.

Þorsteinn Guðjónsson.

Ath.: Sjá hér á eftir, bls. 67-70 „Af miðilsmunni“, tal og frásögn Halldórs, þar sem hann segir frá fyrstu kynnum sínum af nýjum verustað á öðrum hnetti, sem hann var þá nýfluttur til.

I. A.

Jóhann Gunnar Sigurðsson

F. 2. febrúar 1882. D. 20. maí 1906.

Stjarnan.

Starir þú stjarna,
stillilega,
björt af himni brosir.
Gott áttu geimur,
að geta faðmað
þetta ljúfa ljós.

Horfir þú í hug mér,
hræðist ég þig,
ljósið loftsala.
Skuggalegt er skap mitt.
Ský hefur dregið
fyrir sæla sól.

Svo er nú stjarna,
sem þú mælir,
orðum ástmjúkum:
Eigi skal æðrast,
ungur sveinn.
Skin er milli skúra.

— Kjörgripi hjartans,
kostgripi lífsins,
ástarsælu og ást,
ungs manns aleigu
öllu dýrri
gripu ísgreipar. —

Svo er mér nú, stjarna,
sem þú mælir
orðum ástmjúkum:
Loga skal ég lengi
og lýsa þér,
þar til röðull rennur.

Kristín M. J. Björnsson:

Ó, mannkynsbernska

Ó, mannkynsbernska í villuvanda
með vanans þrönga sjónarmið,
en draumafegurð innri anda
og æðri heima myndasvið.

Hvenær mun sál þín ljósið líta
er langa stund þú þráðir heitt,
og bönd við hulda heima knýta
svo hér og þar sé jafnan eitt.

Þótt langt þér sýnist, sem þess bíður
og sáran þráir dagsins ljós,
þá dagar, morgunbjarmi blíður
þér birtir lífsins sigurhrós.

Þú átt þess kost að velja og vilja
þótt viðleitni sé markað skeið,
þín sára þrá að sjá og skilja
til sigurs ber þig alla leið.

Garðar Olgeirsson, Hellisholtum:
Stjörnuþyrpingarnar þrjár
og himininn fagri


I.

Einhverntíma fyrir löngu dreymdi mig draum þann, sem hér verður sagður. E. t. v. eru liðin síðan milli 10 til 20 ár. En ekki held ég að tíminn skipti máli því draumurinn stendur mér ávallt jafn skýrt fyrir hugskotssjónum.

Ég þóttist staddur vera í gömlu, niðurníddu timburhúsi, sem var allt hið hrörlegasta. Ég stóð í herbergi við útidyrnar og var á leiðinni út. Dyrnar voru alveg á horni hússins og sneru í suð-vestur. Gamlar og fúnar trétröppur lágu niður á malarborið hlað, og voru þar 2-3 þrep. Myrkur var úti, en bjart inni í húsinu, þó ég vissi ekki hvað var til lýsingar. Um 2—3 metra frá húsinu var einhverskonar trjágardur, girtur með vírneti, og um 30 metrum neðar á hlaðinu vissi ég af gömlum og hrörlegum gripahúsum, þó þau sæust ekki vegna myrkursins.

Erindi mitt út, var að sækja járnkarl, sem átti að liggja við trjágardinn og gekk ég þangað. Þreifaði ég eftir járnkarlinum í myrkrinu en fann ekki.

Þá verður mér litið til himins. Sá ég allan suðurhluta hans og var hvergi ský að sjá. Hinsvegar var himinninn alþakinn stjörnum af ýmsum birtustigum. Var þéttleiki þeirra gífurlegur og hvergi lát á. Var stjörnubirtan svo mikil, að ekki var almyrkt úti. Sérstaka athygli mína vakti að sjá þrjár bjartar stjörnuþokur hátt á suðurhimni. Þær voru í beinni röð, jafnstórar og jafnbjartar. Þvermál hverrar um sig virtist álíka og þvermál fulls tungls. Voru þær þéttastar í miðju, og lá við að þær snertu hver aðra.



Horfði ég á þetta um stund, og endaði þarna draumurinn.

II.

Þegar ég nú íhuga þennan draum, finnst mér allt benda til þess að ég hafi verið staddur þar sem allt var í átt til fortíðarinnar. Má þar til nefna hið úrsérgengna ástand hússins og gripahúsanna, sem ég sá ekki, en vissi þó af, og einnig það, að ég vissi ekkert í draumnum um þennan sérstæða stjörnuhimin, og tilfinningin í draumnum var eins og ekkert skipti máli, og allt mætti vera á niðurleið fyrir mér. En víst er það, að þessari sýn gleymi ég ekki, stjörnuhiminninn var svo stórkostlegur og fagur.

Ritað 9. ágúst 1989. Garðar Olgeirsson, Hellisholtum.

III.

UMSÖGN

Draumur Garðars Olgeirssonar fyrir 10—20 árum.

Draumur Garðars er í fyrsta lagi athyglisverður fyrir þann stjörnuhimin sem ber fyrir augu draumgjafa hans „í þeim himni” eins og komist er að orði í fornum trúarritum. Draumgjafinn er íbúi hnattar þar sem ber fyrir augu slíkar þrjár stjörnuþokur sem þarna er lýst, en það er hvorki hér á jörð né í neinu öðru nálægu sólhverfi. Slíkar „fréttir úr fjarlægum sólhverfum” eru alltaf mjög hressandi og skemmtilegar - en gallinn er sá að þær eru löngum nokkuð lauslegar og eins og sín úr hverri áttinni, því óneitanlega væri betra til staðfestingar og samanburðar, ef hægt væri að sanna sér, að sama stjörnuhimin hefði borið fyrir í mörgum draumum og helst hjá fleiri en einum draumþega. Ef unnið væri skipulega að rannsókn og söfnun slíkra reynslugagna, frá fólki, sem hefur skýra draumreynslu, mætti verða stórum vænlegra að hefja hér á jörð umbótastarf, sem miðaði upp úr því helstefnufari, sem atburðirnir eru annars í.

Önnur hliðin á þessari merkilegu draumreynslu Garðars er það, hve afturfararlegt umhverfið er þarna í draumnum. Hið fagra stjörnuútsýni hefur að því er virðist, ekki megnað að lyfta hugum manna þar til þess að komast á framfaraleið. Verður mér þá hugsað til þess hvaða stilliáhrif hafi komið þarna til greina. Hugsanlegt er að einhver maður úr nágrenninu hafi borið þetta með sér. Fleira mætti láta sér detta í hug, en það er of óvíst til að hafa orð á því. Það er því miður bölsýnisblær yfir þessum draumgjafa Garðars þarna, enda þótt hugur hans sé opinn fyrir ljósi himinsins, því sem stjörnuskín nefnist. Hver skyldu hafa orðið örlög þessa manns?

P. G.

Afefnun og endurefnun á öðrum hnetti

I.

Mig dreymdi að ég væri orðinn prófessor sem væri að gera tilraunir með að flytja fólk á milli tíðnisviða með hátíðni-hljóði. Ekki fannst mér þetta vera fyrsta tilraun slíks eðlis. Fannst mér sem tilraunamaðurinn fengi sér sæti á stól í klefa sem var nokkuð rúmmikill en auður að öðru leyti. Sagði ég manningnum að þegar hann væri kominn yfir á aðra tíðni yrði hann að gæta þess að vita vel um staðinn sem hann mundi koma fram á, til að mögulegt væri að ná honum aftur til baka því að annars væri hann fastur að eilífu á hinni tíðninni. Játti hann þessu. Síðan fór ég út úr klefanum. Fannst mér sem ég væri annarsvegjar maðurinn sjálfur en hins vegar að vera að fylgjast með tilrauninni af öðrum stað. Hófst nú tilraunin. Byrjað var að spila mjög skæran tón sem mér fannst vera hæsti tónn sem mannlegt eyra gat skynjað. Var hann síðan hækkaður jafnt og þétt upp í 50.000 rið og

fannst mér sem ég heyrði hann sem samfelldan tón. Þegar tónninn hljóðnaði fannst mér sem maðurinn sæti enn í klefanum en skyndilega birtust nokkur hús og annað landslag. Gætti maðurinn þess að liggja kyrr á sama bletti til að týna ekki staðnum en mér fannst sem ég sæi tilsýndar blettinn sem óskýrleika yfir jörðu. Hafði verið ákveðinn tími sem maðurinn átti að vera inni í hinni óþekkту tíðni og var hann fullmeðvitandi hvað tímanum leið. Ekki tók ég greinilega eftir húsunum, en þau voru eðlileg að sjá. Rétt áður en maðurinn átti að fara yfirum aftur kom maður og stúlka út út húsinu og stefndu í átt að mannum. Þau voru eðlileg að sjá þótt ekki sæi ég þau greinilega. Var nú tími kominn til að fara til baka. Var maðurinn framkallaður með því að hátíðnitónn var spilaður og látinn lækka niður á heyrnlegt tónsvið og hvarf þá landslagið og fólkið en mér fannst ég vera kominn inn í klefann aftur.

Dreymt 17. júlí 1986.

Karl O. Garðarsson.

II. UMSÖGN

Þessi áhugaverði draumur Karls Garðarssonar bendir mjög í átt til þeirra tilrauna í fyrirburðafræði sem tíðkast hafa á síðari árum. Draumgjafi hans er einhverskonar prófessor, sem hefur góða aðstöðu til að afla sér tækni-búnaðar og hefur kunnáttu til að fara með hann auk þess sem hann nær að safna til sín fólki sem hefur hina „umdeildu“ en ómissandi hæfileika. Á hinn bóginn ber draumurinn með sér ýmsar þær ranghugmyndir sem víða vaða uppi varðandi slíka hæfileika og það sem þeir geta áorkað („önnur tíðnisvið“!) Virðist ekki ólíklegt að prófessor þessi sé haldinn slíkum hugmyndum, en það er lögmál, að því ofar sem menn standa í mannvirðingastiganum, því erfiðara eiga þeir með að leiðrétta rangar hugmyndir sínar. Það sem er að gerast í tilraun prófessorsins er þetta: Maður afefnast fyrir augum hans (dematerialiserast) og endurefnast (re-

materialiserast) á öðrum hnetti. Er mjög skiljanlegt að hinum fjarflutta manni sé nauðsynlegt að halda sig vel við sinn blett á hinum nýja stað, því að hann skilur ekkert í því, hvert hann er kominn, og ekki tilraunastjórinn (prófessorinn) heldur. Þegar hann flyst aftur til síns fyrri staðar, ætti hann að vísu að geta skýrt frá því sem var umhverfis hann á hinum staðnum, og er nú þess að óska, að prófessornum verði fyrr eða síðar ljóst, að veruleiki þess er alveg samskonar og sá sem er hér á jörð, það er á einhverjum hnetti himingeimsins, en ekki utanvið geiminn eins og sumir hafa verið að ímynda sér.

Hinn hvelli og skæri tónn sem maðurinn var látinn heyra kynni að hafa örvað sambandsgetu hans, en skærir tónar eru alveg eðlisfræðilegir og standa í engu sambandi við „öldutíðni andaheimsins“, sem alveg er óhætt að ganga fram hjá í þessu sambandi.

P. G.

Undarleg aflbeiting í draumi

I.

Mig dreymir það eina nóttina að ég er staddur við Vínáminni sem tilheyrir jörðinni Hellisholtum.

Er það í sjálfu sér ekki í frásögur færandi, nema hvað mig dreymir að ég rek augun í spýtu sem liggur í grasinu. Ég rétti út höndina, með flatan lófann í átt að spýtunni og hreinlega lyfti henni upp í þá hæð sem höndin var, en ég hélt henni lárétt út frá líkamanum, og síðan dró ég hana til mín.

Fjarlægðin hefur verið milli 40 eða 50 metrar, og alla leiðina jók spýtan ferðina og að lokum skall hún á hendinni.

Höggið var líkt og ég hefði verið laminn af afli, en ég fann ekkert til þess.

Ég reyndi aftur með annan hlut og allt fór á sama veg. Ég fór nú að undrast, eins og gefur að skilja, og leit á lófann. Þá sá ég rauðan blett sem var eins og auga í lófanum, og frá þessu auga virtist krafturinn koma.

Ég ætlaði nú að reyna að nota þennan kraft til þess að halda mér uppi, og því gekk ég fram á bakkann og beindi hendinni niður og var ætlun mín að nota kraftinn eins og þegar stangarstökkvari notar stöng.

Þá endaði draumurinn, en það kemur iðulega fyrir, þegar mig dreymir að ég ætli að framkvæma eitthvað sem ég veit að er ekki hægt að gera. Því grunar mig, að ekki hafi verið hægt að nota þennan kraft til að hindra frá sér hlutum.

Hellisholtum 7/7 '88

Ásgeir E. Garðarsson

II. UMSÖGN

Þessi athyglisverði draumur segir í fyrsta lagi þá sögu uppruna síns, að Ásgeir er þarna töluvert annar maður en í vöku. Hann býr yfir kröftum sem við vitum ekki til að hafi komið fram hjá honum í vöku, og hann er með rauðan blett í lófanum, sem hann kannast ekkert við. Það er draumgjafi hans sem lítur í lófa sinn og sér þennan blett. Líka er það athyglisvert, að Ásgeir virðist oft dreyma drauma af þessu tagi, og mætti ætla að þeir væru allir eða flestir frá sama hnettinum, jafnvel frá sama draumgjafa.

Ásgeir lætur þess ekki getið hvort nokkuð hafi í „Vínaminni” draumsins verið ólíkt því sem er á stað þeim sem svo nefnist í nágrenni hans, en það fer auðvitað eftir því hvort draum-athyglin hefur verið vakandi gagnvart slíku, hvort hægt er að greina frá því, þegar vaknað er.

Ef vel hagaði til, og réttur stuðningur væri fyrir hendi, mætti vera að hæfileikar draumgjafans á þessu sviði gætu færst yfir á Ásgeir sjálfan - ef hann óskaði þess - og orðið til að sanna mönnum tilvist þessa kraftar, sem mörgum hefur orðið á að véfengja um of.

B. G.

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Halldór Pétursson, rithöfundur. (Lést 6. 6. '89)

(Halldór Pétursson):

Sæl verið þið.

Komið blessuð.

Komið nú sæl.

Svava.

Svava Jónsdóttir: Já, hún er hérna. Komdu sæll eða sæl.

Halldór: Dóri.

Svava: Já, komdu blessaður og sæll. Það var gleðilegt að heyra til þín.

Halldór: Ég er alltaf að klípa mig í kinnarnar til að sannfærast um, að þetta sé nú ekki ímynd eða blekking, að ég sé endurlíkamaður. En mér líður ótrúlega vel í þessum nýja líkama og hann er sprækari en sá gamli, sem var nú orðinn ansi mikið skar og ólíku saman að jafna.

Svava: Já, þú ert nú líklega svolítið hressari?

Halldór: Það eru undraverð umskipti og góð á örskömmum tíma. Fyrir mér er þetta kraftaverki líkast og lygasögu bara. En ekki dugir að neita orðnum hlut né rengja. Það væri óðs manns æði.

Ég mun nú ekki þurfa að segja, Svava, hug minn til þín með mörgum orðum. En það er hinn sami hugur og alltaf og aldrei mun hann breytast.

Svava: Nei, ég á ekki von á því. Það gerir það heldur ekki frá mér.

Halldór: En þegar ég skynja til þín, er eins og minningarnar allar líði um hugann og hver þeirra annari dýrmætari og mikilsverðari. En þú veist eins vel og ég okkar minningar og alla þá baráttu, sem liðin er. En ég þakka þér samfylgd-

ina frá upphafi til loka. En engin orð ná til að lýsa fögnuði mínum yfir því, sem framundan er og okkar biður.

Það sé ég og skynja og ótrúlega skýrt: Helgi Pjeturss með heimspeki sinni og vísindum var sá mikli meistari, er mannkynið á eftir að uppgötva. Framlífsfræði hans og vísindi á traustum rökum reist, náttúrufræðilegum grunni og vísindalegum, óhagganleg.

En það er af mér hér að segja til viðbótar, að ég er meðal Íslendinga þeirra, er ég marga þekkti og mér eru kærir og skyldir. Nánustu ástvinir sumir og ættingjar sumir hér og í slíkum félagsskap getur mér ekki liðið öðruvísi en vel og þar er bróðir minn, blessaður, sá, er ég ekki síst fagna og marga fleiri mætti nefna.

Fundarmaður (OM): Er það Runólfur?

Halldór: Rétt er það og aðrir.

Ég undrast, hve öllu þessu fólki er gefinn mikill lífsþróttur. Svo ótrúlegur og furðulegur kraftur manna hér, að lygilegt er, þó raunveruleiki. Frá því gæti ég sagt furðulega hluti en læt það nú bíða. En sambandshæfileika hafa menn hér mjög furðulega og fjarskynjunarhæfileika samfara ótrúlegri lífsorku. En mjög hefur mér fundist orka mín hafa aukist hér á ekki lengri tíma en liðinn er frá því ég yfirgaf jörðina og kom hér fram.

Svava: Já, þér kom ekki neitt á óvart?

Halldór: Fannst mér gaman að athuga, er ég komst til meðvitundar og opnaði augun, himinhvolfið og skýin, sem bar fyrir augu og liti þeirra, hreyfingar þeirra um loftið. Þar fór ekkert milli mála, skýin rak um himinhvolfið líkt og maður sá svo oft og veitti athygli á jörðinni, fyrir vindi auðvitað. Þannig þóttist ég geta sannfært mig um þetta væri allt nákvæmlega jafn raunverulegt og jarðneskt og ég átti að venjast, aðeins miklu fegurri litirnir í skýjunum og birtan. Hin mikla, fagra himinhvelfing var ekki öll skýjum hulin eða himinn. Það mátti sjá heiðan himin og fagurbláan einnig. Þetta þótti mér skemmtilegt að horfa á og virða fyrir mér *nýjan himin og nýja jörð*.

Svava: Það má nú segja.

Halldór: Og margt var það, sem athygli mína vakti í framhaldi af þessu í náttúrunni og landslaginu. Ég hugsaði ég skyldi nú virða fyrir mér bergtegundir og steinaríkið og hvort ég sæi nú eitthvað, sem ég þekkti þar eða svipað, sem ég mundi eftir á *gamla Íslandi* af slíku tagi og er nú ekki komið að því ég hafi gert miklar athuganir á þessu sviði ennþá. En örlitlar samt og sannfærst hef ég um, að hér er fast berg og moldu hulið víða og gróðursælt þar. En þar, sem hærra dregur og upp til fjalla, gefst kostur á að skoða steinaríkið væntanlega nánar og bergtegundir þær, sem hér eru. Ég segi nánar frá því við annað tækifæri. Séð hef ég þó steina, sem ég þekki ekki frá Íslandi, hér undurfagra.

Eiríkur Harðarson: Mig langar að þakka þér fyrir huldukonusteinininn, sem þú færðir okkur í Garðabæinn.

Halldór: Blessaður, drengur minn.

Eiríkur: Blessaður.

Halldór: Ekki skaltu efa, að það er kraftur í þeim steini einhver ekki einskisverður, þó ég segi ekki að hann sé yfirnáttúrulegur að neinu leyti. En það, sem kallað er yfirnáttúrulegt, er náttúrulegt, ef vel er að gáð.

Eiríkur: En er nú nokkuð yfirnáttúrulegt til, ef maður rannsakar þetta betur?

Halldór: Það tel ég nú vafasamt og reyndar engar líkur til. Menn hafa ekki aðeins fundið rétta lausn á ýmsum hlutum ennþá og meðan skilning skortir, grípa menn til svona orðalags.

Svava: Ég er nú fjarskalega glöð að heyra þetta allt saman og ég hugsa fleira en ég segi.

Halldór: Jæja, þú veist nú, hve ég er fyrir það að tala og stundum fram úr hófi langorður.

Svava: Nei, það var ekki það.

Halldór: En vonandi er ég ekki að taka frá öðrum með því, þó ég segi örfá orð. Þeir virða mér það til vorkunnar, þeir sem stjórna þessu sambandi.

Svava: Nei, ég er glöð að heyra hvert orð, sem þú segir.

Halldór: Veit þú ert nú alltaf þolinmóð og hlustar á kallinn, þó hann sé ekki að spara orðin. En orð eru til alls

fyrst, hefur einhverntíma verið sagt og margt vitlausara, held ég.

Jæja, þú heyrir ég er nú ekki ólíkur mér að þessu leyti að slá á léttu strengi og enda væri ég ekki með sjálfum mér, ef það væri ekki svo.

Jæja, blessuð Svava mín, þú verður bara að taka mér eins og ég er og fólkið allt verður að sætta sig við málæðið. En ég vil vona, að enginn sé sá, sem rengir mig, því sannleikann hef ég í heiðri og *það er vissulega best að benda mönnum á það að hugsa til stjarnanna og sambands við þær meira en gert er.*

Svava: Já, ég hugsa nú um lítið annað heldur en þig.

Halldór: Þú verður vör við, þegar ég sendi þér geislakraft minn og blómailm, ef vel tekst til, því blómailmur er hér undursamlegur og þakka þér nú fyrir og bið fyrir kveðjur, ef einhverjir eru móttækilegir og ég fylgist nú með þér. Þó fluttur sé á framlífsjörð, eru fjarlægðirnar sem ekkert sé, ef hugirnir eru samstilltir og enginn mun það band slíta, er sterkara er öllu, band kærleikans og skilningsins og *þannig er lífið máttugra en dauðinn.*

Vertu blessuð.

Svava: Já, vertu blessaður og þakka þér fyrir allt.

10. 06. 1989. Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Giordano Brúnó.

Brúnó:

Sæl.

Giordano Brúnó ítalskur fræðimaður talar frá framlífs-hnetti fjarlægum mjög. En um þann hnött er það að segja mjög er hann stór. Þúsund sinnum stærri en ykkar jörð og eftir því íbúafjöldinn meiri. Og hin merkilegasta saga lífsins hér af framförum þess og fullkomnun og sigrum.

Það er hér sannefnd lífstefna ríkjandi og farsæld hvarvetna sífellt vaxandi. Er þetta lífstöð öflug mjög, jörð þessi hin svo stórkostlega fullkomna. Og mun það löng saga ef segja skyldi hana alla frá byrjun. En það tel ég sé aðaleinkenni, sannleiksástin, er hér ríkir.

Já, það er þörf sannleiks og þekkingar meir en er. Sérstaklega þeirrar þekkingar, er ég og síðar Helgi Pjeturss bárum fram. Heimspeki (sú) sem þar er um að ræða, er hin sanna heimspeki og byggir á undirstöðuskilningi á eðli lífs og heims. Hin sanna heimspeki varpar ljósi á möguleika lífsins í óendanlegum alheimi til takmarkalausrar fullkomnunar.

Jörðin er meðal hinna ófullkomnustu byrjunarstöðva lífsins og eru hætturnar slíkar, að aldrei hafa verið aðrar eins, að hrap geti orðið og alger ósigur framsóknar í vitáttina, sem varð með sköpun mannsins sérstaklega. En þó er enn möguleiki til að hin rétta stefna verði tekin og horfið frá helstefnu. *Mun það takast ef Íslendingar bera gæfu til að sameinast sem einn maður um þann málstað, sem göfugastur er.* Og er það sist ofsagt sá málstaður varði allt mannkyn um leið og aðrar jarðstjörnur, er svipað er ástatt um. *Ef tekst að rétta við framsóknina og leiðrétta á einni jörð, þá er auðveldara að (rétta) svipaða framsókn á ótal svipuðum jörðum á eftir.*

Verið sæl.

01. 04. 1985. Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku)

MYR:

Tilraun hins skapandi máttar.

Á einhverju stigi kemur furðulega mikil og merkileg tilraun hins skapandi máttar fram sem líf, og tilgangur lífsins er að þroskast svo, að það geti sjálft á sífellt fullkomnari hátt orðið skapandi. Tilgangur alheims er hin fullkomna samstilling við hinn æðsta mátt.

Helgi Pjeturss.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT fyrir hönd Félags Nýalssinna
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Hringbókun fagra í Hörpumerki. I. A. (Sjá forsiðumynd)	bls. 38
Tokkarískan og Norrænt mannkyn (með mynd). Þorsteinn Guðjónsson ...	" 39
Sigurrós og huldukonan í steininum. Páll H. Árnason	" 46
Hvað um útburðinn verður. Þorsteinn Jónsson Úfsstöðum	" 48
Jarðlífið - undanfari framlífs (með mynd) I. A. ..	" 50
Eitt af steintröllunum á Páskaeyju. (með mynd) I. A.	" 52
Lífgeislunarmyndir (með 3 myndum) I. A.	" 54
Lífgeislun manns í hugarjafnvægi Sjúkleg útgeislun Lífgeislun frá afskornum blaðhluta Halldór Pjetursson (minningarorð). Þorsteinn Guðjónsson ...	" 56

LJÓÐ:

Stjarnan. Jóhann Gunnar Sigurðsson	bls. 58
Ó, mannkynsbernska. Kristín M. J. Björnsson	" 59

DRAUMAR:

Stjörnuþyrpingarnar þrjár og himininn fagri Garðar Olgeirsson, Hellisholtum (með mynd)	bls. 60
Afeynun og endurefnun á öðrum hnetti. Karl O. Garðarsson, Hellisholtum.	" 63
Undarleg aflbeiting í draumi. Ásgeir E. Garðarsson, Hellisholtum.	" 65

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ..	bls. 67
Halldór Pjetursson	" 67
Giordano Brúnó	" 70
Til lesenda. I. A.	bls. 45

MYR:

Tilraun hins skapandi máttar	bls. 71
------------------------------------	---------